

Íslenskur vinnumarkaður árið 2025

Innlendur vinnumarkaður á liðnu ári og horfur fyrir árið 2026



VINNUMÁLA
STOFNUN



VINNUMÁLA
STOFNUN

Íslenskur vinnumarkaður árið 2025

Innlendur vinnumarkaður á liðnu ári og horfur fyrir árið 2026

Í skýrslu Vinnumálastofnunar um vinnumarkaðinn á árinu 2025 verður farið yfir helstu þætti innlands vinnumarkaðar og rýnt í þróun milli landssvæða og hópa á vinnumarkaði eftir aldri, kyni og uppruna. Einnig verður spáð fyrir um þróun atvinnuleysis árið 2026.

Staða og þróun ársins 2025	4
Árið á vinnumarkaði	5
Vinnuafli.....	6
Atvinna með stuðningi (AMS).....	6
Starfandi	7
Atvinnulausir.....	7
Erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði	9
New Beginnings – Evrópuverkefni um atvinnusköpun.....	10
og valdeflingu innflytjenda	
Ungt fólk á vinnumarkaði – Aldurshópur 18-29 ára	11
Landssvæði	12
Atvinnuleysi og vinnumarkaður á komandi ári.....	14
– grunnspá fyrir árið 2026	

Staða og þróun ársins 2025

Atvinnuleysi fór hækkandi árið 2025 eftir stöðugleika síðustu tvö ár á undan. Meðalatvinnuleysi árið 2025 var 3,9% samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar og hækkaði úr 3,5% árið 2024. Hagvöxtur á árinu var minni en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir og verðbólga stóð nokkurnvegin í stað. Sjá má merki kólnunar á vinnumarkaði í auknu atvinnuleysi og einnig í stöðugleika í fjölda starfandi milli ára 2024-2025 eftir fjölgun árin á undan. Fall Play olli auknu atvinnuleysi á haustmánuðum, bæði vegna starfa sem töpuðust hjá fyrirtækinu og ekki síður vegna afleiddra starfa í tengdum greinum.


Fjölgun starfa var mun minni árið 2025 en árin á undan. Þær atvinnugreinar sem störfum fjölgaði innan voru helst opinber stjórnsýsla, fræðslu- heilbrigðis- og félagsþjónusta og innan fjármála- og váttryggingastarfsemi. Störfum í sjávarútvegi og framleiðslugreinum fækkaði milli ára og störf innan einkennandi greina ferðaþjónustu stóðu nokkurn veginn í stað. Atvinnuleysi jókst mest í byggingariðnaði og greinum tengdum ferðaþjónustu en einnig gætir aukins atvinnuleysis í öðrum iðnaði, gistiþjónustu og veitingaþjónustu.

Atvinnuleysi fólks af erlendum uppruna var herra en meðal Íslendinga allt árið 2025 og árstíðarsveifla atvinnuleysis mun meiri. Fyrir ungt fólk á vinnumarkaði hefur atvinnuleysi verið nokkuð stöðugt undanfarið ár og langtímaatvinnuleysi staðið í stað.

Þegar litið er til landssvæða þá skera Suðurnesin sig úr með meiri aukningu atvinnuleysis en önnur svæði og herra hlutfall starfandi af erlendum uppruna.

Skammtímaspá Vinnumálastofnunar gerir ráð fyrir að atvinnuleysi árið 2026 verði herra en árið á undan, einkum á fyrri hluta árs og að atvinnuleysi ársins verði á bilinu 4,2-4,4%.

1. Árlegt atvinnuleysi á Íslandi
2000-2025



Heimild: Vinnumálastofnun


Árið á vinnumarkaði

Mánaðarlegt atvinnuleysi árið 2025 hækkaði nokkuð frá fyrra ári en fylgdi þó framan af sömu árstíðarþróun og árið á undan. Við fall Play í september hækkaði atvinnuleysi snögglega og má sjá merki þess í atvinnuleysistölum síðustu þriggja mánaða ársins. Í desember 2025 var atvinnuleysi 4,4% en var 3,8% á sama tíma árið áður. Atvinnuleysi var nokkuð stöðugt frá byrjun árs 2023 og fram að falli Play en fór þó hægt vaxandi allt tímabilið að teknu tilliti til árstíðarsveiflna. Ef atvinnuleysi fylgir áfram sömu árstíðarþróun og síðustu ár má gera ráð fyrir að atvinnuleysi fari í 4,8% á fyrstu mánuðum ársins 2026.


Langtímaatvinnuleysi hefur verið nokkuð stöðugt frá miðju ári 2023, eftir að áhrif Covid-faraldursins fjöruðu út og á árunum 2023-2024 var fjöldi þeirra sem höfðu verið án atvinnu í meira en 12 mánuði nokkuð stöðugur sem hlutfall af vinnuaflí.

Árið 2025 var fjöldi langtímaatvinnulausra að meðaltali um 1.560 manns á mánuði og hækkaði um 310 frá fyrra ári. Hlutfall langtímaatvinnulausra af vinnuaflí hækkaði yfir allt árið 2025 og var komið í tæplega 0,9% í desember 2025. Gera má ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram á næsta ári og að fjöldi langtímaatvinnulausra muni áfram hækka árið 2026. Það fer þó eftir stöðu vinnumarkaðar á árinu og hvort staða hagkerfisins batnar.

2. Mánaðarlegt atvinnuleysi 2023-2025



3. Langtímaatvinnulausir sem hlutfall af vinnuaflí 2023-2025



Vinnuafli

Vinnuaflið, þ.e.a.s. allir starfandi og atvinnulausir, voru um 235.900 manns að meðaltali árið 2025 samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands og fjölgaði um rúmlega 1.000 manns frá fyrra ári, eða um 0,4%. Á sama tímabili var fjölgun mannfjölda á vinnualdri meiri en fjölgun á vinnumarkaði skv. mannfjöldatölum Hagstofu Íslands.

Atvinnuþátttaka árið 2025 drógst saman miðað við síðasta ár hjá körlum en stóð í stað hjá konum. Atvinnuþátttaka karla var 84,4% árið 2025 en 86,2% árið á undan en hjá konum var hún 78,1% árið 2025 og svipuð á fyrra ári. Atvinnuþátttaka hefur sögulega verið mjög há á Íslandi miðað við önnur lönd og hefur síðastliðin þrjú ár verið á bilinu 80-82% fyrir aldurshópinn 16-74 ára samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar.

Vinnumálastofnun hefur lagt sérstaka áherslu á atvinnuþátttöku sem flestra og hefur í lengri tíma verið leiðandi afl í að fjölga tækifærum fyrir fólk með skerta starfsgetu.



Atvinna með stuðningi (AMS)

Atvinna með stuðningi (AMS) er einstaklingsmiðuð þjónusta fyrir fólk með skerta starfsgetu. Markmið þjónustunnar er að atvinnuleitandi fái starf á vinnumarkaði með sömu réttindum og skyldum og aðrir starfsmenn.

Í atvinnuleitinni er lögð áhersla á náð samstarf ráðgjafa og atvinnuleitanda. Ráðgjafar veita m.a. aðstoð við gerð ferilskrár og kynningarbréfa, fylgja einstaklingum eftir í ráðningarferlinu og kynna endurgreiðslusamninga. Einnig er í boði tímabundinn stuðningur þegar skjólstaðingar þurfa aðlögun í nýju starfi. Atvinnuleitendur fá jafnframt upplýsingar um virkniúrræði og námskeið sem geta gagnast.

Skjólstaðingar sem fá greiðslur frá Tryggingarstofnun geta nýtt sér endurgreiðslusamninga sem auka tækifæri til atvinnuþátttöku. Samningarnir eru gerðir við atvinnurekendur sem ráða fólk með skerta starfsgetu og skiptast í tvær gerðir:

- Vinnusamningur öryrkja: er fyrir atvinnuleitendur með örorku. Atvinnurekandi fær 75% endurgreiðslu fyrstu tvö árin, sem lækkar um 10% árlega þar til 25% lágmarksendurgreiðsluhlutfalli er náð.
- Virknisamningur: er fyrir einstaklinga á sjúkra- og endurhæfingargreiðslum eða með hlutaörorku. Atvinnurekandi fær styrk sem nemur grunnatvinnuleysisbótum í hlutfalli við starfshlutfall, auk 11,5% mótframlags í lífeyrissjóð í allt að 12 mánuði.

Haustið 2024 fór af stað ný námsleið í samstarfi Vinnumálastofnunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Fjölmennntar og símenntunarstöðva um land allt. Námið heitir Færni á vinnumarkaði og miðar að því að efla færni fatlaðs fólks til atvinnuþátttöku. Námsleiðin er 180 klukkustundir: 70 í fræðslu og 110 í starfsnámi á vinnustað og stendur yfir í þrjá mánuði. Í fræðslunni er fjallað um réttindi og skyldur á vinnumarkaði, samskipti, mannréttindi, margbreytileika, sjálfsmynd o.fl. Í starfsnáminu, sem fer fram á almennum vinnumarkaði, geta nemendur valið úr átta störfum: endurvinnslu, lager, umönnun, leikskólastörfum, þrifum og þjónustu, verslun, frístund og léttum iðnaði. Þeir sem ljúka náminu fá fagbréf atvinnulífsins. Rúmlega 100 nemendur víðsvegar um land hafa lokið náminu með góðum árangri.

AMS þjónustar breiðan hóp atvinnuleitenda með skerta starfsgetu. Í lok árs 2025 voru tæplega 400 einstaklingar í atvinnuleit og rúmlega 1.000 virkir endurgreiðslusamningar í gangi um land allt.

Starfandi

Fjöldi starfandi samkvæmt skráargögnum Hagstofu Íslands voru 220.100 að meðaltali á fyrstu 11 mánuðum ársins 2025 og fjölgaði um innan við 1% miðað við sama tímabil árið á undan. Það hefur því hægt verulega á fjölgun samanborið við síðustu ár. Starfandi teljast allir þeir sem voru með launatekjur á tímabilinu. Konum með launatekjur fjölgaði um 0,7% á móti 0,5% aukningu hjá körlum. Hlutfall innflytjenda var 25% af öllum starfandi á árinu og hækkaði lítillega milli ára. Karlar voru þar fleiri en konur og árið 2025 voru að meðaltali 25,8% starfandi karlmanna hér á landi af erlendum uppruna.

Þegar litið er til breytinga í fjölda starfandi innan atvinnugreina á fyrstu 11 mánuðum ársins þá hægðist á fjölgun í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð en hún nam um 1,3% milli ára. Einnig hægðist á í sérfræði-, vísinda- og tæknistarfsemi en fjölgunin nam 0,5%. Í heild- og smásöluverslun var hækkin 0,7%. Um 32% allra starfandi vinna innan opinberrar stjórnýslu, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónustu og fjölgun starfa þar var 1,5% milli ára sem er ögn hærra en fjölgun starfa yfir vinnumarkaðinn sem heild. Í einkennandi greinum ferðaþjónustu stóð fjöldi starfa nánast í stað á milli ára og sömu sögu er að segja af flokknum veitingarekstur og gististaðir. Í flokknum flutningar og geymsla fækkaði störfum um innan við prósent, en þar spilar flutningur með flugi stórt hlutverk en

þar fækkaði störfum um 5,1%. Í sjávarútvegi fækkaði störfum um 1,5% milli ára, í framleiðslu um 1,6% og í flokknum ýmis sérhæfð þjónusta um tæplega 0,7%.


Atvinnulausir

Að meðaltali voru tæplega 8.090 atvinnulausir á mánuði árið 2025 og var það fjölgun um 890 manns frá fyrra ári en meðalfjöldinn árið 2024 var um 7.200 manns. Karlar voru 4.730 af þessum hóp og konur 3.360.

Mest var atvinnuleysi innan flokkanna verslun og vöruflutningar ásamt opinberri þjónustu, fræðslu, heilbrigðis- og félagsþjónustu en það eru jafnframt greinar sem mjög margir vinna innan. Því er hlutfallslegt atvinnuleysi ekki endilega mikið innan þessara greina þrátt fyrir háar fjöldatölur. Árið 2025 jókst atvinnuleysi mest í byggingariðnaði og greinum tengdum ferðaþjónustu. Einnig mátti greina aukið atvinnuleysi í iðnaði, veitingaþjónustu og gistipjónustu.

Í einkennandi greinum ferðaþjónustu jókst atvinnuleysi mikið eftir gjaldþrot Play í september þótt einnig hafi mátt greina reglubundna árstíðarsveiflu á síðustu mánuðum ársins 2025. Eftir fall Play hefur atvinnuleysi jafnframt aukist í afleiddum greinum ferðaþjónustu, eins og t.d. í veitingarrekestri, gistipjónustu og annarri þjónustustarfsemi. Má búast við að sú þróun haldi áfram næstu mánuði enda má sjá merki um

4. Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



Heimild: Vinnumálastofnun

hægari takt í ferðapjónustu, bæði í fjölda starfandi og fjölgun á atvinnuleysissskrá.


Í byggingariðnaði og öðrum iðnaði sjást skýr merki um minnkandi umsvif og hefur atvinnuleysi í þessum greinum vaxið langt umfram aðrar greinar. Gera má ráð fyrir að þar hafi hátt vaxtastig áhrif og einnig dræmari sala á tilbúnum nýbyggingum. Störfum fjölgaði lítillega í byggingariðnaði en þó mun minna en undanfarin ár.

Íslenskur vinnumarkaðurinn virðist að mörgu leyti enn frekar kynjaskiptur og þegar litið er til atvinnuleysis karla og kvenna eftir atvinnugreinum má greina skýra aðgreiningu innan ákveðinna greina.

Karlar voru um 95% allra atvinnulausra í byggingariðnaði árið 2025 og tæplega 70% atvinnulausra sem störfuðu við fiskveiðar og vinnslu og í öðrum iðnaði. Konur voru hins vegar tæplega 70% allra atvinnulausra innan opinberrar þjónustu, fræðslu, heilbrigðis- og félagsþjónustu og um 60% innan greina eins og gistiþjónustu og lista, safna, tómstundafélaga og persónulegrar þjónustu.

Þetta er sama mynd og sést þegar litið er til fjölda starfandi, konur eru líklegri til að vinna fyrir hið opinbera en karlar frekar í störfum tengdum iðnaði.

5. Atvinnulausir eftir atvinnugreinum Konur og karlar árið 2025



Heimild: Vinnumálastofnun

Erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði


Á undanförunum árum hefur orðið mikil fjölgun fólks af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði og var þessi hópur um 25% af öllum starfandi árið 2025. Þegar litid er til heildarmannfjölda á Íslandi voru erlendir ríkisborgarar um 19% mannfjölda á árinu og því ljóst að herra hlutfall þeirra er á vinnualdri heldur en hjá Íslendingum almennt. Gera má ráð fyrir að hagvöxtur undanfarinna ára hafi að þónokkru leyti verið drifinn áfram af innfluttu vinnuafli en með viðsnúningi í hagkerfinu hefur hægt á fjölgun erlends starfsfólks.

Atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara hefur mælst töluvert meira en meðal Íslendinga undanfarin ár og árstíðarbundnar sveiflur jafnframt verið meiri. Þannig var atvinnuleysi fólks með erlent ríkisfang lægst 7,3% í september 2025 en fór upp í 10,2% í desember á meðan atvinnuleysi Íslendinga var minnst 2,0% en fór hæst upp í 2,4% árið 2025. Að meðaltali var atvinnuleysi Íslendinga 2,2% árið 2025 en fyrir erlendra ríkisborgara var meðalatvinnuleysi 8,5%.


Erlent starfsfólk starfar í mun meira mæli innan atvinnugreina sem stjórnað af árstíðarsveiflum og greina sem eru næmari fyrir niðursveiflu í hagkerfinu. Atvinnulausum erlendum ríkisborgurum fjölgaði með áberandi hætti á árinu 2025 í greinum eins og byggingarstarfsemi og í greinum tengdum ferðaþjónustu. Þetta er ólíkt þeim greinum sem Íslendingar án atvinnu höfðu starfað við, en þar var opinber þjónusta, fræðsla, heilbrigðis- og félagsþjónusta algengasta atvinnugreinin ásamt verslun og vöruflutningum.

Hópurinn með erlent ríkisfang hefur undanfarin ár verið sístækkandi hluti þeirra sem eru í þjónustu hjá Vinnuálgastofnun og hefur stofnunin lagt áherslu á að rýna úrræði sem koma að gagni við atvinnuleit þessa hóps. Meðal þeirra þátta sem líta þarf til er skortur á tengslaneti og tungumálakunnáttu hjá ákveðnum hluta hópsins ásamt aukinni þörf fyrir fræðslu um íslenskan vinnumarkað og vinnuumhverfi.

6. Atvinnuleysi eftir uppruna Íslenskt og erlent ríkisfang



7. Atvinnulausir eftir atvinnugreinum Erlent ríkisfang



New Beginnings – Evrópuverkefni um atvinnusköpun og valdeflingu innflytjenda

New Beginnings er Erasmus+ samstarfsverkefni sem miðar að því að efla atvinnuhæfni, sjálfstraust og frumkvöðlahugsun innflytjenda. Verkefnið hófst þann 1. febrúar 2024 og lýkur þann 1. febrúar 2026. Markhópurinn er innflytjendur sem hafa áhuga á því að efla þekkingu og hæfni varðandi frumkvöðla-starfsemi. Verkefnið byggir á því að nýta hæfni, reynslu og félags- og menningarauð innflytjenda og styðja þá til að skapa eigin tækifæri, stofna fyrirtæki og taka virkan þátt í samfélaginu.

Innflytjendur standa oft frammi fyrir fjölmörgum hindrunum, svo sem flókinni stjórnsýslu, tungumála- og menningarlegum áskorunum, fordómum, takmörkuðum aðgangi að fjármagni og skorti á tengslaneti. Þá reynist oft erfitt að nýta menntun og starfsreynslu frá heimalandi í nýju umhverfi.

Í verkefninu er unnið að því að hjálpa innflytjendum að þróa viðskiptahugmyndir og öðlast þekkingu á atvinnuumhverfi og regluverki nýs lands. Verkefnið hvetur til tengslamyndunar og samfélagslegrar þátttöku og stuðlar þannig að bættri félagslegri stöðu og lífsgæðum þátttakenda.

Verkefnið er þríþætt:

- Námskeið fyrir leiðbeinendur/ráðgjafa sem vinna með innflytjendum
- Námskeið og fræðsla fyrir innflytjendur
- Námsvefur - www.newbe.is

Mikill áhugi var á námskeiðum og voru þrjú námskeið haldin í byrjun árs 2025 fyrir ráðgjafa og eitt námskeið fyrir innflytjendur á haustmánuðum.

Verkefnið sýnir fram á mikilvægi þess að virkja menningarauð og styrkleika innflytjenda og skapa raunveruleg tækifæri til atvinnu og samfélagsþátttöku – tækifæri sem nýtast ekki aðeins einstaklingunum sjálfum heldur einnig samfélaginu í heild.

Verkefninu er stýrt af Vinnumálastofnun og er unnið í samstarfi við APAEM – Vinnumálastofnunina í Madrid, Rinova á Spáni, Inova Aspire í Hollandi og Elan Intercultural í Frakklandi.



Ungt fólk á vinnumarkaði – Aldurshópur 18-29 ára


Atvinnuþátttaka aldurshópsins 18-29 ára er há hér á landi og atvinnuleysi fremur lágt borið saman við löndin í kringum okkur. Innan Evrópusambandsins var atvinnuleysi fólks á aldersbilinu 15-29 ára 11,4% árið 2024 en 6,6% á Íslandi. Á Norðurlöndum var atvinnuleysi ungs fólks hæst í Svíþjóð eða 17,3% og fyrir utan Ísland var það lægst í Noregi, 8,6%. Almennt er atvinnuleysi ungs fólks herra en hjá öðrum aldurshópum og hópurinn er líklegri til að vera í hlutastörfum og vinna störf sem ekki krefjast sérstakrar menntunar eða sérþekkingar. Þessi hópur er því viðkvæmari fyrir sveiflum í hagkerfinu en aðrir hópar en er jafnframt sveigjanlegri og því almennt fljótari að fá vinnu aftur en aðrir.

Árið 2025 voru að meðaltali um 2.200 manns á aldersbilinu 18-29 ára skráðir atvinnulausir á mánuði. Voru þeir um 26% allra á atvinnuleysisskrá á árinu en það hlutfall hefur verið svipað


síðustu ár. Þegar litið er til þess hversu stór hluti af hópnum hefur verið atvinnulaus í meira en 12 mánuði þá féllu tæplega 13% unga hópsins á atvinnuleysisskrá undir þá skilgreiningu. Við mat á langtímaatvinnuleysi (+12 mánuðir) þarf að líta til þess að það fylgir hagsveiflunni og að það verður erfiðara fyrir langtímaatvinnulausa að komast aftur inn á vinnumarkað þegar það er niðursveifla í hagkerfinu.

Hér á landi, líkt og erlendis er sérstaklega fylgst með stöðu ungs fólks á vinnumarkaði. Þetta er fjölbreyttur hópur og innan hans eru einstaklingar í viðkvæmri stöðu, m.a. vegna skorts á menntun og reynslu á vinnumarkaði. Hjá Vinnumálastofnun er lögð áhersla á að styðja við viðkvæma einstaklinga á aldersbilinu 18-29 ára, bæði til að hjálpa þeim að byggja upp tengsl við vinnumarkaðinn, fyrirbyggja langtímaatvinnuleysi og til að koma í veg fyrir ótímabært brotthvarf af vinnumarkaði.

8. Atvinnuleysi ungs fólks (15-29 ára) Árið 2024



9. Atvinnuleysi ungs fólks 2023-2025 Fjöldi atvinnulausra á aldersbili 18-29 ára




Landssvæði


Atvinnuleysi hefur þróast á ólíkan hátt milli landssvæða enda eru grunnatvinnuvegir mismunandi eftir svæðum. Atvinnuleysi var hæst á Suðurnesjum árið 2025 og hefur hækkun atvinnuleysis þar undanfarin þrjú ár verið langt umfram önnur landssvæði. Þar gegnir ferðaþjónusta veigamiklu hlutverki og því gætir áhrifa af niðursveiflu vegna falls Play mest þar. Á höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi hækkaði atvinnuleysi nokkuð milli ára þótt Suðurland sé enn undir landsmeðaltali atvinnuleysis. Á báðum þeim svæðum er byggingariðnaður mikilvæg atvinnugrein ásamt ferðaþjónustu og annarri þjónustustarfsemi. Í öðrum landshlutum var atvinnuleysi lægra en fyrir landið sem heild og hefur haldist svipað undanfarið tvö ár.

Fyrir landið sem heild var atvinnuleysi karla hærra en kvenna árið 2025 eða 4,1% hjá körlum á móti 3,6% hjá konum. Þegar litið er til mismunandi landssvæða var þróunin hins vegar í mörgum tilfellum ólík milli kynja. Suðurland var eina landssvæðið þar sem atvinnuleysi kvenna var hærra en karla árið 2025 og er það óbreytt frá árinu á undan. Á Suðurnesjum varð viðsnúningur þar sem atvinnuleysi karla hækkaði umfram konur árið 2025 en árið á undan var atvinnuleysi kvenna hærra en karla í þeim landshluta. Á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi var atvinnuleysi karla hærra en kvenna en á öðrum landssvæðum var nokkurnveginn jafnvægi milli atvinnuleysis eftir kyni.

10. Atvinnuleysi eftir landssvæðum
Árlegt atvinnuleysi 2023-2025



11. Atvinnuleysi karla og kvenna eftir landssvæðum
Árið 2025




Hlutfall vinnuafis með erlendan bakgrunn hefur farið hækkandi undanfarin ár og árið 2025 var hlutfall starfandi með erlendan bakgrunn komið upp í 25% fyrir landið allt. Hæst var hlutfallið á Suðurnesjum en þar voru um 37% allra starfandi með erlendan bakgrunn á síðasta ári samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands. Hlutfallið var lægst á Norðurlandi en þar voru innflytjendur um 15% allra starfandi árið 2025 og þónokkuð undir landsmeðaltali.


Fyrir landið sem heild er hlutfall karla með erlendan bakgrunn á vinnumarkaði herra en kvenna en nokkur munur er þó á milli landssvæða. Á Suðurnesjum eru erlendir karlar um 40% allra

starfandi en erlendar konur um 34%. Á höfuðborgarsvæðinu er hlutfall karla með erlendan bakgrunn einnig herra en kvenna en á Vestfjörðum og Norðurlandi snýst þetta við og hlutfall erlendra kvenna er þar herra en karla af erlendum uppruna. Líklegt má teljast að þessi munur tengist ólíkum atvinnugreinum eftir landssvæðum, einkum landssvæðum þar sem ferðamennska, byggingariðnaður og fiskvinnsla eru mikilvægar atvinnugreinar.

12. Hlutfall starfandi með erlendan bakgrunn 2023-2025



13. Hlutfall starfandi með erlendan bakgrunn árið 2025 Karlar og konur



Atvinnuleysi og vinnumarkaður á komandi ári – grunnspá fyrir árið 2026

Atvinnuleysi á síðasta ári að teknu tilliti til almennrar árstíðarsveiflu hækkaði nokkuð eftir lágt atvinnuleysisstig síðustu tvö ár á undan. Við mat á þróun atvinnuleysis á árinu 2026 lítur Vinnumálastofnun til ákveðinna grunnþátta ásamt því að gera ráð fyrir lítillga meiri árstíðarsveiflu en undanfarin ár.

Samkvæmt nýjustu þjóðhagsspá Hagstofunnar er gert ráð fyrir 1,8% hagvexti árið 2026 og að hagvöxtur hafi verið 1,7% á árinu sem leið sem var minna en fyrri spár gerðu ráð fyrir. Jafnframt er gert ráð fyrir að verðbólga hjaðni hægt og verði um 3,5% á árinu og að launavísitala hækki lítillga umfram verðbólgu. Auk fyrrnefndra þátta hefur óvissa í alþjóðaviðskiptum einnig aukist sem gæti haft neikvæð áhrif á útflutningsatvinnugreinar hér á landi. Að teknu tilliti til þessara þátta gerir Vinnumálastofnun ráð fyrir að atvinnuleysi árið 2026 verði hærra en á liðnu ári, einkum á fyrstu mánuðum ársins.


Samsetning vinnumarkaðar hefur breyst undanfarin ár og hlutur fólks af erlendum uppruna hefur farið stækkandi og er nú um

fjórdungur alls vinnuaflsins. Atvinnuleysi erlendra ríkisborgara hefur vaxið undanfarin ár og árstíðarsveiflur verið meiri en hjá íslenska hópnum. Gera má ráð fyrir að þegar hægi á hagvexti hér á landi verði þessi hópur líklegri til að missa vinnuna en aðrir enda starfa margir í hópnum í byggingariðnaði, ýmsum þjónustustörfum og greinum tengdum ferðaþjónustu.

Þegar litið er til atvinnugreina gerir Vinnumálastofnun ráð fyrir áframhaldandi auknu atvinnuleysi í byggingariðnaði og öðrum iðnaði árið 2026. Í greinum tengdum ferðaþjónustu, gististarfsemi og veitingarekstri er einnig gert ráð fyrir niðursveiflu með auknu atvinnuleysi innan þessara greina.

Í heildina gerir Vinnumálastofnun ráð fyrir að atvinnuleysi verði hærra árið 2026 en árið á undan og jafnframt að árstíðarbundnar sveiflur aukist lítillga. Í skammtímaspá stofnunarinnar fyrir komandi ár er gert ráð fyrir að árlegt atvinnuleysi verði á bilinu 4,2-4,4% og að atvinnuleysi fari hæst upp í 4,8% á fyrri hluta árs.

14. Mánaðarlegt atvinnuleysi 2026
Skammtímaspá VMST



Heimild: Vinnumálastofnun

